

Stjórnarfund KAÍ 18.01.2024 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Reinharð, Elías og Bjarni og á Zoom: Mæja, Gunnlaugur og Ronja. Hafþór tilkynnti forföll.

1. Fjárhagur.
 - a. Ársreikningur KAÍ 2023 tilbúinn. Verður lagður fyrir Karateþing.
 - b. Tillaga að fjárhagsáætlun kynnt. Verður lögð fram á Karateþingi.
2. Karateþing 2024.
 - a. 37. Karateþing verður haldið sunnudaginn 18. Febrúar í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hefst kl. 10.00.
 - b. Reinharð mun leita að reynslumiklum Þingforseta.
 - c. Á þinginu verða kynntar breytingar á mótahaldi sem voru samþykktar á fundi stjórnar í desember 2023.
 - d. Ein tillaga kom fram fyrir þingið. Að öll félög hafi tvo meðlimi í mótanefnd.
 - e. Framboð til stjórnar þurfa að berast fyrir 3. febrúar.
 - f. Reinharð gefur kost á sér áfram til formanns. Elías Guðni Guðnason, María Jensen og Gunnlaugar Sigurðsson gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.
3. Mótamál.
 - a. GP1 2024 fer fram í íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði 17. febrúar.
 - b. GP2 2024 fer fram í Fjölnishöllinni laugardainn 4. maí.
 - c. Enn vantar húsnæði fyrir ÍM í kata og kumite 16. mars og fyrir ÍMU og ÍMB í kata 27. og 28. apríl. Mæja ætlar að hafa samband við félögin aftur.
4. RIG24.
 - a. 99 keppendur skráðir til keppni þar af 13 erlendir keppendur.
 - b. Viktun og skráning fer fram föstudaginn 26. Janúar kl. 18-20 í Laugardalshöllinni.
 - c. Stefnt á að skipta stærstu kumite flokkunum upp eftir viktunina og miðað við þyngdarflokka WKF.
 - d. Uppsetning hefst kl. 17 á föstudeginum 26. Janúar.
 - e. Finnur Þorgeirsson mun sjá um streymi í gegnum Staylife vefsíðuna.
 - f. Mæja er búin að panta verðlaun og boli á starfsmenn.
 - g. Passar verða rafrænir í gegnum Corsa.
5. NM24.
 - a. Verðlaunin fyrir mótið eru komin til Ísspor.
 - b. María Helga Guðmundsdóttir verður fjölmiðlafulltrúi á mótinu.
 - c. Þurfum að greiða staðfestingargjald vegna Þróttarsalsins fljótlega.
 - d. Elías ætlar að fara í að panta hettupeysur fyrir landsiliðskeppendur.

Fundi slitið kl.12.45

Fundaritari: Reinharð Reinharðsson.